

Félag náms- og starfsráðgjafa
Kennarahúsinu v/ Laufásveg
101 Reykjavík

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 16. nóvember 2005

Umsögn um þingskjal 7 – 7. mál á 132. löggjafarþingi 2005-2006
Þingsályktunartillaga um nýtt tækifæri til náms

Félag náms- og starfsráðgjafa (FNS) óskar eftir að koma eftirfarandi á framfæri við menntamálanefnd Alþingis:

FNS fagnar þingsályktunartillögu um nýtt tækifæri til náms. Félagið telur málið brýnt þar sem rúmlega þriðjungur þeirra sem eru á vinnumarkaði hafa einungis lokið grunnskólaprófi eða styttri menntun. Huga þarf að menntunar- og færnistigi þessa hóps. Samkeppnishæfni Íslands helst í hendur við menntunarstöðu og færnistig þjóðarinnar.

Náms- og starfsráðgjöf hérlendis hefur verið í örri þróun og mótun síðastliðna tvo áratugi. Fram til þessa hefur uppbygging náms- og starfsráðgjafar verið mest í menntakerfinu en með auknum tækifærum til sí- og endurmenntunar þarf að **byggja upp heildstæða sýn á náms- og starfsráðgjöf á Íslandi, aðgengileg öllum þjóðfélagsþegnum.** Vert er að benda á uppbyggingu á náms- og starfsráðgjöf á svæðisvinnumiðlunum á Íslandi en mikil breyting hefur orðið á þeirri þjónustu með tilkomu menntaðra náms- og starfsráðgjafa. Einnig skal nefna átak sem gert var þar sem boðið var upp á náms- og starfsráðgjöf á vinnustöðum en það var sameiginlegt verkefni Starfsafls – starfsmenntar Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins, Eflingar-stéttarfélags, Mímis-Símenntunar og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.


Það er ljóst að til þess að áætlun um átak í menntun þeirra sem ekki hafa lokið námi á grunn- eða framhaldsskólastigi takist þarf einmitt sameinað átak stjórnvalda, aðila

vinnumarkaðarins og annarra þeirra er málið snertir. Í greinargerð með tillöggunni er lagt til að byggð verði upp ráðgjöf sem sniðin er að þörfum þeirra sem ekki hafa lokið formlegri menntun til að meta og aðstoða við skipulagningu náms. Hér telur FNS að menntaðir náms- og starfsráðgjafar geti komið ríkulega við sögu. Í því samhengi er bent á að starf náms- og starfsráðgjafa felst meðal annars í því að víkka sjónvildarhring ráðþega sinna með tilliti til náms og starfs þannig að þeir öðlist færni í að leita upplýsinga um nám og störf og þjálfist í að taka upplýstar ákvarðanir um framtíð sína sem byggjast á persónulegri sýn þeirra, áhugasviðum, gildum og viðhorfum. Í greinargerðinni er bent á mikilvægi þess að allir eigi kost á raunverulegri náms- og starfsráðgjöf en nú sé hún nánast ekkert fyrir hendi. FNS álitur að hér sé verið að vísa í nauðsyn uppbyggingar á náms- og starfsráðgjöf fyrir alla í þjóðfélaginu, að náms- og starfsráðgjöfin sé sniðin að þörfum og markmiðum einstaklingsins og að gæði náms- og starfsráðgjafarinnar sé tryggð með því að fag- og sérþekking náms- og starfsráðgjafans skili sér til hans. Fag- og sérþekking náms- og starfsráðgjafans liggur m.a. í að styrkja persónuþroska einstaklingsins, efla trú þeirra á eigin færni, gera þá hæfari til að yfirvinna vanda, upplýsa viðkomandi um námsmöguleika og vinnmarkaðinn til að sett markmið náist.

OECD¹ hefur staðið fyrir úttektum á stöðu náms- og starfsráðgjafar í 14 löndum og hefur gefið út skýrslur er lúta að stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf². Mikil áhersla er lögð á sí- og endurmenntun í löndum Evrópu. Í skýrslum OECD er verið að skoða hvernig stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf helst í hendur við sí- og endurmenntun.

Félag náms- og starfsráðgjafa er reiðubúið til samstarfs og umræðna ef þess er óskað.

F. h. Félags náms- og starfsráðgjafa



Jónína Kárdal, formaður

¹ Career Guidance Policy Review - http://www.oecd.org/document/20/0,2340,en_2649_34511_32474452_1_1_1_1,00.html

² Career Guidance. A Handbook for Policy Makers (2004) <http://www.oecd.org/dataoecd/53/53/34060761.pdf>

Career Guidance and Public Policy. Bridging the Gap (2004) <http://www.oecd.org/dataoecd/33/45/34050171.pdf>